

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Ég vil byrja á því að vekja athygli á leiksýningu leikfélags NFF, *The Wedding Singer*, sem nú er sýnd hér í sal skólans. Frumsýning fór fram á föstudaginn við mikinn fögnuð áhorfenda. Sýningin er sannkallaður leiksigur og þarna stíga framtíðar leikarar, söngvarar og dansarar á svið. **Vel gert!** Ég hvet ykkur öll til að koma og sjá þessa bráðskemmtilegu leiksýningu, söngur gleði og gaman. Miðaverð er kr. 2000 og fer miðasala fram á [tix.is](http://tix.is), sjá [hér](#).

Í dag fá nemendur sent **fjarvistayfirlit** og það er því í dag sem best væri að leiðrétta fjarvistir og tilkynna inn vottorð vegna veikinda. Í dag er líka síðasti **dagurinn til að skrá sérúrræði í prófum**, sjá í INNU. Við minnum á að hægt er að sjá **próftöflu á heimasíðu skólans** en einnig getur hver og einn nemandi séð sín próf í INNU.

Það styttist í annarlok og því er mikilvægt að nýta næstu vikurnar vel. Ég hvet ykkur til að mæta vel í tíma, vinna vel, skila verkefnum og huga að undirbúningi fyrir lokaverkefni eða lokapróf. Ritver skólans verður opið fram að prófum, eða til 10. maí en síðasti kennsludagur er 11. maí. **Lokapróf hefjast svo fimmtudaginn 12. maí** og er prófað í íslensku á fyrsta prófdegi.

Í dag fögnum við svo **degi náttúrunnar**. Lýðheilsa er í forgrunni að þessu sinni og verður fagnað með fræðslu og hollustu í löngu frímínútum og í hádegishléi.

Með von um að ykkur gangi vel í náminu og gleðilegt sumar!

Með bestu kveðju,

Erla

---

Erla S. Ragnarsdóttir  
Skólameistari Flensborgarskóla  
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland  
[www.flensborg.is](http://www.flensborg.is)  
S: +354 565 0400/694 7594

